
Minnisblað

Dagsetning: 20. desember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2010085

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að takmörkunum í skólahaldi vegna COVID-19 frá og með 1. janúar 2021.

Þann 18. nóvember 2020 tók gildi reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna COVID-19 (nr. 1106/2020). Reglugerðin var framlengd þ. 2. desember 2020 og svo framlengd aftur þ. 8. desember 2020 með nokkrum breytingum og gildir til 31. desember 2020.

Á þessum tímapunkti hafa náðst sæmilega góð tæk á faraldrinum en þó eru vísbendingar síðustu dagana um að hann gæti verið á uppleið aftur. Ástæða þessa er vafalaust sú að á þessum tíma fyrir jóla er fólk mikið á faraldsfæti og samgangur mikill þrátt fyrir tilmæli um að forðast slíkt.

Mínar tillögur eru í samræmi við litakóðakerfi almannavarna fyrir skólastarf og er miðað við appelsýnugula viðvörun.

Það er því ljóst að allt önnur staða faraldursins kann að verða uppi við upphaf nýs skólatímabils um áramótin sem krefst endurskoðunar á þeim tillögum sem ég kem hér með.

Núverandi tillögur eru því settar með þeim fyrirvara að ástandið verði ekki verra við upphaf nýs skólatímabils.

Tillögur mínar um skólahald frá og með 1.1.2021 eru eftirfarandi:

- 1) Gildistími nýrrar reglugerðar verði 1. janúar 2021 til og með 28. febrúar 2021.
- 2) Leikskólar:
 - a. Núverandi ákvæði reglugerðar nr 1106/2020 haldist óbreytt þ.e. engin ákvæði um hámarksfjölda barna í rými en 20 manna hámark fyrir fullorðna.
 - b. Blöndun milli hólfu leyfð.
 - c. Tveggja metra nálægðarmörk og grímuskylda gildi einungis fyrir fullorðna sem ekki geta uppfyllt nálægðarmörk.
 - d. Foreldrar, aðstandendur og aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingu nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu
- 3) Grunnskólar:
 - a. Fjöldatakmörk fyrir nemendur í hverju rými verði 50 nemendur á öllum aldurstigum grunnskóla.

- b. Fjöldatakmörk fyrir fullorðna í hólfri verði 20 manns og nálægðarmörk fullorðinna verði tveir metrar. Þar sem eð ekki er hægt að viðhafa nálægðarmörk eða fjöldatakmörk þar verði grímuskylda fyrir fullorðna.
 - c. Nemendur í 1-10. bekk verði undanþegnir nálægðarmörkum sem og grímuskyldu.
 - d. Félagsmiðstöðvar falli undir viðmið um íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarf.
 - e. Blöndun milli hópa barna innan skóla leyfð í sundi og íþróttum.
 - f. Skipulagt íþróttastarf heimilt með eða án snertingar.
- 4) Félagsmiðstöðvar:
- a. Sömu reglur og fyrir grunnskóla.
- 5) Tónlistarskólar
- a. Starfsemi tónlistarskóla verði færð til samræmis við önnur skólastig.
- 6) Framhaldsskólar.
- a. Fjöldamörk fyrir nemendur í hverju rými verði 30 nemendur og gætt verði að tveggja metra náandarreglu. Ef ekki er unnt að viðhalda tveggja metra náandarreglu verði skylt að nota andlitsgrímu.
 - b. Umraða megi í hópum milli kennslutíma og lesaðstöðu en sótthreinsað verði milli hópa. Blöndun hópa verði heimil en aldrei fleiri en 30 manns í rými.
 - c. A.ö.l. óbreyttar leiðbeiningar
- 7) Háskólar
- a. Fjöldatakmörk í hverju rými verði 50 manns með tveggja metra nálægðarreglu. Skylt verði að nota grímu ef ekki er hægt að viðhafa tveggja metra nálægðarmörk eða loftræsting ekki góð.
 - b. A.ö.l. óbreyttar leiðbeiningar.